

Ragnheiður
JónsdóttirJónas
Ingimundarson

Eiríkur Smith á Kjarvalsstöðum

Nú stendur yfir sýning Eiríks Smith í austursal Kjarvalsstaða. Þar sýnir hann 114 verk, olíumálverk og vatnslitamyndir, einnig 20

litteikningar úr þjóðsögum. Sýning Eiríks Smith stendur til 10. maí.

Tónleikar á Seltjarnarnesi

Á sunnudaginn, 3. maí, halda þau Ragnheiður Guðmundsdóttir mezzosópran og Jónas Ingimundarson pianóleikari tónleika í sal hins nýja húsnæðis Tónlistarskóla Seltjarnarness og hefjast þeir kl. 16.30.

Á efnisskrá eru bæði andleg og veraldleg verk, og fluttu þau Ragnheiður og Jónas þessa efnisskrá í Ytri-Njarðvíkurkirkju hinn 22. febrúar síðastliðinn.

Nýja bíó frumsýnir:

„Hundur af himni ofan“

Í dag frumsýnir Nýja bíó bandaríska sakamálamynd í gamansömum dúr. „Hundur af himni ofan“. Leikstjóri er Jose Camp. Í aðalhlutverkum er Chevy Chase og Benji, Jane Seymour og Omar Sharif.

Myndin fjallar um spæjara í London sem fær það verkefni að veita ungru stúlku tímabundna vernd. Ekki vill betur til en svo að hann kemur að henni látinni, myrtri, og er sjálfur stunginn á hol á morðstaðnum. Hann kemur til himna en er ekki veitt viðtaka, heldur fær hann það verkefni að fara aftur til mannheima til að rannsaka morðið á ungu stúlkunni — og sjálfum sér, og það sem meira er: hann verður að fara þessa ferð í hundslíki.




Chevy Chase, Jane Seymour og Benji í hlutverkum sínum í myndinni „Hundur af himni ofan“ sem Nýja bíó frumsýnir í dag.



Sýning Jóns Gunnarssonar í Stykkishólmi

JÓN Gunnarsson listmálari frá Hafnarfirði opnar í dag málverkasýningu í Félagsheimilinu á Stykkishólmi. Á sýningunni eru bæði olíu- og vatnslitamyndir en



Eiríkur Smith við eitt verka sinna á Kjarvalsstöðum.

Myndlist:



Einar Þorláksson við eina af myndum sínum.

Einar Þorláksson sýnir í Norræna húsinu

NÚ STENDUR yfir í kjallara Norræna hússins sýning Einars Þorlákssonar. Þar sýnir hann 92 akrilmyndir sem flestar eru unnar á síðustu tveimur til þremur árum.

Einar Þorláksson hlaut myndlistarmenntun sína í Hollandi og á Norðurlöndum. Fyrsta einkasýn-


ing hans var í Listamannskálanum 1962, en hin næsta í Unuhúsi 1969. Þá sýndi hann í Casa Nova 1971 og í Norræna húsinu 1975. Síðast sýndi Einar árið 1977, í Gallerí Sólun Ísland og í bókasafninu á Ísafirði.

Sýning Einars Þorlákssonar er opin dag hvern frá klukkan 16—22 virka daga og 14—22 um helgar og stendur til 10. maí.

Norræna húsið:

Sýning á listrænum ljósmyndum

SÝNING á 30—40 ljósmyndum verður opnuð í anddyri Norræna hússins á morgun, laugardag, klukkan 14. Það er Norðmaðurinn Robert Meyer, sem tekið hefur þessar myndir, en hann er einn af forstöðumönnum „Fotogalleriet“ í Osló. Myndirnar sýna það sem er efst á baugi í listrænni ljósmyndun í Noregi um þessar mundir. Sýningin verður opin til fimmtudags í næstu viku. Næstkomandi miðvikudag, 6. maí, heldur Robert Meyer fyrirlestur í Norræna húsinu um myndirnar á sýningunni og stöðu listrænnar ljósmyndunar og hefst fyrirlestur hans klukkan 20.30.



Edda Jónsdóttir við nokkrar mynda sinna á sýningunni í Gallerí Langbrók.

Myndlist:

Edda Jónsdóttir sýnir í Gallerí Langbrók

UM ÞESSAR mundir stendur yfir sýning Eddu Jónsdóttur í Gallerí Langbrók við Amtmannsstíg. Þar sýnir hún collage-myndir og klippta og fléttaða grafík.


Edda Jónsdóttir stundaði nám við báða myndlistarskólana í Reykjavík og við Ríkisakademíuna í Amsterdam. Hún hefur haldið tvær einkasýningar og tekið þátt í fjölmörgum myndlistarsýningum víða um heim. Sýning hennar er opin virka daga frá kl. 12—18 og 14—18 um helgar, en í dag, 1. maí, er hún opin frá 12—18. Sýningin stendur til 11. maí.

Tónleikar Tónmenntaskólans í Austurbæjarbíói

TÓNMENTASKÓLI Reykjavíkur heldur tónleika í Austurbæjarbíói á morgun, laugardag. Á tónleikunum verða hópatriði úr kennslustundum yngri barna en


auk þess verður einleikur og samspilsatriði á ýmis hljóðfæri.

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.



Ragnar Lár sýnir á Akranesi

RAGNAR Lár opnar í dag, 1. maí, málverkasýningu á Akranesi. Sýnir hann þar olíumálverk og svartlistarmyndir, en þetta er fjórða einkasýning Ragnars Lár á Akranesi. Sýningin er í Bókhöðunni og verður hún opin á föstudag kl. 16 til 22, laugardag kl. 14 til 22 og á sunnudag kl. 14 til 20 og lýkur henni á sunnudagskvöldið.



Tónleikar í Dómkirkjunni á mánudagskvöld

Á mánudagskvöld heldur Kór Dómkirkjunnar tónleika í kirkjunni og hefjast þeir kl. 20.30.

Kórinn syngur Missa brevis í D-dúr eftir Mozart. Einsöngvarar eru Elín Sigurvinsdóttir, Rut Magnúsdóttir, Sigurður Björnsson og Halldór Vilhelmsson, sem syngur einnig kantötu, Ich habe genug, eftir Bach. Aðgangur er 30 kr. en ókeypis fyrir ellilífeyrisþega.